

FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2001-02

Fundartími: Föstudagur 11. maí 2001 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Störf raforkuhóps.
2. Raforkunotkun fyrstu þriggja mánaða ársins 2001.
3. Notkunarflokkar raforku og afgangur ársins 2000.
4. Störf jarðvarmahóps.
5. Störf eldsneytishóps og eldsneytisnotkun ársins 2000.
6. Eldsneytisspá.
7. Skipan nefndarinnar.
8. Áhrif breytts skipulags raforkugeirans á störf Orkuspárnefndar.
9. Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Þorkell Helgason
Pétur E. Þórðarson
Jóhann Már Maríusson
Katrín Ólafsdóttir

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun:

Árni Ragnarsson

Húsnæðislánasjóður:

Guðmundur Bjarnason

ÞH bauð Guðmund Bjarnason velkominn á fundinn og kynnti honum starf Orkuspárnefndar.

1. JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps sem hefur haldið þrjá fundi frá því nefndin kom síðast saman. Teknar hafa verið saman upplýsingar um raforkuvinnslu og heildarnotkun á fyrsta ársfjórðungi ársins 2001. Unnið hefur verið að söfnun gagna um raforkunotkun og álag á síðasta ári. Rætt hefur verið um áhrif breytts skipulags raforkugeirans sbr. frumvarp til raforkulaga á störf hópsins og að ósk hans er það tekið sérstaklega upp á þessum fundi.
2. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 1,6% á fyrsta ársfjórðungi. Flutningstöp hafa minnkað um 1,5% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 15,0%. Stórnotkun vex um 2,5% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 0,4%. Sala á ótryggðri orku minnkar um 1,4%. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en fyrstu þrjú mánuðir ársins voru hlýrri en á síðasta ári eða 0,3°C í stað 0,1°C. Aukning notkunar eykst því við hitastigsleiðréttingu og þar að auki kemur leiðrétting á árinu 2000 vegna hlaupárs. Leiðrétt notkun almennrar forgangsorku eykst um 2,0% á fyrsta ársfjórðung ársins. JV sagði að þetta væri mun minni aukning en á síðasta ári og spurning er hvort hin mikla aukning sem verið hefur að undanfögnu sé gengin yfir. Hann sagði að þetta kæmi einnig fram í tölum fyrir einstaka veitur svo sem minni aukning í forgangsorku á Suðvesturlandi en á síðasta ári hjá Hitaveitu Suðurnesja (0,9%), Rafveitu Hafnarfjarðar (4,5%) og Orkuveitu Reykjavíkur (3,9%). Aukning er einnig hjá Norðurorku (4,4%). Minnkun er hjá Rafmagnsveitum ríkisins (-1,4%) og Orkubúi Vestfjarða (-1,3%).
3. JV sagðist vera búinn að fá notkunarflokk frá öllum veitum nema Orkuveitu Reykjavíkur. Þeir hafa átt í erfiðleikum með að taka út þessi gögn þar sem þeir eru með nýtt innheimtukerfi en gögnunum hefur verið lofað næstu daga.

JV sagði að ennþá vantaði aflagögn frá Hitaveitu Suðurnesja og óvíst væri að gögn fengust um nýju vélina frekar en í fyrra. Þó nokkuð er um villur í gögnum frá Landsvirkjun sem koma úr kerfiráðnum. Bæði er um að ræða göt í gögnunum og vitlaus gildi. JV sagðist hafa getað leiðrétt gögnin í flestum tilvikum.

4. ÁR sagði að einn fundur hefði verið í jarðvarmahópnum frá því nefndin kom síðasta saman. farið var yfir árleg eyðublöð. Hann sagðist vonast til að veiturnar skiluðu útfylltum blöðum í byrjun júní. Hann sagðist mundu taka upp þráðinn við endurskoðun jarðvarmaspár nú í sumar og reyna að ljúka gagnasöfnun þá. Vinna við spána sjálfa gæti þá hafist í haust og hefði JV verið fengin til að aðstoða við spáhlutann. JV sagðist frekar hafa kosið að vinna að þeim þætti í sumar þar sem sá tími hentaði betur en gögnin frá Orkustofnun þyrftu að liggja fyrir. ÁR sagðist stefna að því að spá lægi fyrir á þessu ári.

5. JV dreifði töflum um eldsneytisnotkun síðustu ára. Hann sagðist hafa fengið síðustu tölurnar um notkunin á síðasta ári í vikunni. Hann benti sérstaklega á minnkun í notkun fiskiskipa og sagðist helst hafa tvær skýringar. Annars vegar voru olíufélögin ásamt dönsku félagi með skip á fjarlægum miðum og líklega hafa íslensk skip tekið einhverja olíu þar. Annað atriði var að stór rækjuskip hafa verið að hverfa úr flotanum. Mikil aukning er í millilandanotkun flugvéla sem stafar af mikill aukning í tölum frá Atlanta. Hann sagðist hafa fengið á síðustu árum tölur um eldsneytiskaup þeirra erlendis frá Olís en nú vildu þeir ekki láta af hendi slíkar tölur og voru þær þá fengnar frá Atlanta. Vera má að það hafi vantað inn í tölurnar fyrir Atlanta á árinu 1999. ÁR spurði hvort athugað hefði verið með sambærilegar tölur fyrir 1999. JV sagðist ekki hafa gert það og ætlar hann að athuga það. Einnig benti JV á minnkun í sölu á bensíni.
6. JV sagði að eldsneytishópurinn mundi hittast í næstu viku til að fara yfir tölurnar um notkun á síðasta ári og til að fara að ganga frá spánni. Hann sagði að skoða þyrfti betur spá um notkun fiskiskipa. Hann sagðist hafa sent Fiskifélaginu og LÍÚ drögin að spánni en hefur ekki fengið athugasemdir. Hann sagðist hafa rætt við Guðberg hjá Fiskifélaginu og ætlar hann að ræða þetta við LÍÚ. Guðbergur telur að við séum með of háar tölur um afla og of stóran hlut vinnsluskipa. Skoða þarf þetta betur. Hann sagðist einnig hafa sent spána til Flugleiða en ekki hafa fengið nein viðbrögð frá þeim. ÁR sagðist hafa heyrt að Vegagerðin væri með spá um bifreiðafjölda og að hún væri lægri en okkar spá. JV ætlar að athuga það.
7. ÞH sagði að Jón Rúnar Sveinsson væri hættu störfum hjá Íbúðalánasjóði og hefði Guðmundur Bjarnason verið fenginn á fundinn til að kynna sér starfið og til að ræða um þátttöku Íbúðalánasjóðs í því. GB sagði að Jón Rúnar færi að vinna hjá Borgarfræðasetri sem væri samstarfsverkefni HÍ, Reykjavíkurborgar og fleiri aðila. Hlutverk Íbúðalánasjóðs væri nokkuð annað en var hjá Húsnæðisstofnun. Þeir væri með lán varðandi íbúðarhús en ekki atvinnuhúsnæði. Hann benti á að upplýsingar fyrir þetta starf væri fremur að fá frá Fasteignamati ríkisins eða Þjóðhagsstofnun.

JV benti á umræðu um að leggja niður Þjóðhagsstofnun og sagðist hafa áhyggjur af því að við fengjum þá ekki öll þau góðu gögn sem við höfum fengið frá stofnuninni ef af því yrði. KÓ sagði að ekki væri búið að leggja stofnunina niður og að hún tæki þátt í þessu starf með óbreyttum hætti.
8. ÞH fjallaði um breytt umhverfi nefndarinnar í ljósi frumvarps til raforkulaga. Hann sagði að kerfisstjóri ætti að sjá til þess að raforkuspár væri gerðar. Spurning væri hvort ekki væri samt hægt að halda svipuðu fyrirkomulagi og nú. Rætt var það að bæði kæmi til greina að

eftirlitsaðilinn og kerfisstjórinn væru hér í forsvari. ÞH sagði að ekki væri hægt að segja frekar um þetta fyrr en frumvarpið kemur frá þinginu og reglugerðir fara að líta dagsins ljós.

9. JV sagði að erfiðlega gengi að fá gögn frá Fasteignamatinu eins og undanfarin ár. ÞH ætlar að ræða við forstjóra þess. JV sagði að hugsanlega þyrfti að vera með aukafund í sumar til að ganga frá eldsneytisspá.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 7. september kl 13:30. Fundi slitið kl. 14:50.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- "Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 11. maí 2001. Raforkuhópur Orkuspárnefndar". (JV)

- Raforkunotkun 2001, 1. ársfjórðungur. (JV)

- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, 1. ársfjórðungur. (JV)

- "Eldsneytisnotkun 1984-2000." (JV)